Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Geislabaugur

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 7
4. Starfsþróunarsamtöl 9
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 9
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 9
7. Foreldrasamstarf 11
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 12
9. Þróunarverkefni 12
10. Fylgiskjöl: 12
10.1 **Innra mat Stjörnunnar 2025-2026** 12
10.2 Innra mat Lautarinnar 2025 - 2026 15
10.3 **Innra mat Sólarinnar 2025-2026** 16
10.4 **Innra mat Fjallsins 2025-2027** 16
10.5 **Innra mat elstu barna 2025-2026** 18

1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025-2026 hófst vel með fullmönnuðum leikskóla. Við náðum að manna þær stöður sem vantaði í áður en við fórum í sumarfrí nema viðbót sem vantaði vegna inngildingar. Við erum með mjög flottan starfsmannahóp og stöðugleiki hefur verið góður síðustu ár. Það er afar mikilvægt að hlúa að mannauðnum. Aðlögun nýrra barna hófst þegar um miðjan júní þegar við tókum á móti nokkrum börnum sem voru elst á biðlistanum. Aðal aðlögunin var um haustið þegar elstu börnin voru farin í grunnskólann. Þá kom til okkar stór hópur af glöðum og áhugasömum börnum og gekk aðlögunin ótrúlega vel. Við höfum alltaf verið með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnunum í 3 daga, og taka fullan þátt í starfseminni. Það hefur reynst okkur einstaklega vel og börnunum líður öruggum og eru tilbúin, en að sjálfsögðu tökum við alltaf tillit til einstaklingsins og lengjum þá tímann ef þess þarf.
Reykjavíkurborg setti af stað spretthóp sem var falið það verkefni í samráði við stjórnendur og stafsfólk leikskólanna að finna úrbætur til að laga starfsumhverfi í leikskólanum. Það var síðan ákveðið í mars 2026 að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla upp að 36 tímum á viku (sem samræmist vinnutíma starfsfólks í leikskóla) Ásamt öðru sem bætir starfsumhverfið og er þessi leið kölluð Leikskólaleiðin / Reykjavíkurleiðin. Við erum stolt af skólanum okkar. Starfið í heild gekk mjög vel og höfum við fest í sessi gott dagskipulag sem rúllar vel og það er afar mikilvægt að starfsfólk viti hvað er ætlast til af þeim. Við höfum örsjaldan þurft að grípa til fáliðunar og senda börn heim og kennarar hafa svo til alltaf náð að sinna sínum undirbúningstíma. Við höfum tekið nokkra fundi þar sem farið er yfir okkar áherslur í Reggio og sérstaklega umhverfið sem þriðja kennarann, sem er okkar rauði þráður í gegnum leikinn þar sem börnin fá að njóta sín. Áherslurnar okkar varðandi sköpun og listir hefur þá sérstöðu að börnin vinni með sínar hugmyndir varðandi jólagjafir og öskudagsbúninga, þar sem uppeldisfræðileg skráning er notuð og börnin vinna frá hugmynd að veruleika og er það mjög skemmtilegt ferli.
Það sem hefur eflst og þróast mest í leikskólastarfinu okkar er vinna með náttúruna og umhverfið, tengt heilsueflingu. Við fengum á haustmánuðum úthlutaðan reit eða svokallaðan grenndarskóg sem er staðsettur við Þorláksgeisla. Við fengum Ævar Aðalsteinsson frá Miðstöð útivistar til liðs við okkur sem keyrði þetta í gang. Við vígðum lundinn með kennurunum og Ævari og nú eru allir meðvitaðir um hvar hann er og hvað er hægt að gera með barnahópnum á þessum frábæra stað. Nú hafa barnahópar verið að fara í minni hópum í lundinn sem þau eru farin að kalla Geislalundinn. Þetta er útinám sem fer fram í náttúru og nærumhverfi leikskólans og er góð viðbót við okkar frábæra starf. Við ætlum að láta merkja hann sem fyrst. Það mega allir fara í lundinn sem vilja, og ganga vel um.
Þarfir barna eru misjafnar en mikilvægt er að börn upplifi að þau tilheyri barnahópnum þó þau þurfi



auka aðstoð. Við vinnum i anda hugmyndafræðinnar *leikskóli fyrir alla* og þar er rauði þráðurinn inngilding allra barna. Það gengur mjög vel og er valin maður í hverju rúmi. Við erum mjög stolt af því starfi sem unnið er með þau börn sem og önnur.

Umbætur og áherslur næsta skólaárs munu áfram vera metnaðarfullar. Við höldum áfram að hlúa vel að umhverfinu okkar og börnum, ásamt starfsfólki og stuðla að samskiptum sem innihalda virðingu og samkennd. Halda áfram með það fallega starf sem unnið er að í Geislabaugi.

Þóra Jóna Jónatansdóttir

Leikskólastjóri



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum og deildarfundum, gátlistar, einnig notaðar skráningar með börnunum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk tók þátt og börn í gegnum skráningar.
Helstu niðurstöður mats	Fjölbreyttur og örvandi leikefniviður og leiksvæði fyrir börnin. Má auka kveikjur frá kennurunum, bæta í hugmyndabanka fyrir listasvæðið. Endurskoða málörvunarhópa og spila meira. Á yngri deildunum er meira flæði í leiknum og minna stýrt, börnin farin að leika meira saman. Halda því áfram og auka efnivið

Félagsfærni	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum og deildarfundum, einnig notaðar skráningar með börnunum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk tók þátt og börn í gegnum skráningar.
Helstu niðurstöður mats	Við nýtum okkur jákvæðan aga í öllu okkar starfi með börnunum, einnig Blæ til að styðja við félagsþroskann. Í vetur var lögð áhersla á vináttuna, vináttuhegðun og barnafundir til að spjalla og ræða saman í litlum hópum. Á yngri deildunum er það samkennd og tilfinningar sem þau hafa lagt mesta áherslu á. Hjálpa þeim að skilja tilfinningar og segja frá. Sýna virðingu.

Heilbrigði og velferð	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum og deildarfundum, einnig notaðar skráningar með börnunum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk tók þátt og börn í gegnum skráningar
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Hreyfing barna hefur aukist, við förum mikið í göngutúra og í grenndarskóginn okkar. Stefnt á að auka úthald, vera meira úti. Elstu börnin fara mikið í allskonar vettvangsferðir í leikhús, söfn, og aðra menningu. Þau fara líka á fótboltaæfingar hjá Fram 1x í viku og heldur það líklega áfram. Matvendni hefur aukist og börn eru ekki duglega að smakka. Markmið að fara í aðgerðir til að bæta það og fá þau til að smakka með fræðslu og æfingum. Á yngri deildum eru þau dugleg að ganga frá eftir matartímann og nota hnífapör. Dugleg að klæða sig sjálf. Hreyfistundir eru upp í sal. Þurfum að auka

	gönguferðir, byrja á stuttum ferðum og auka svo eftir getu og fara í grenndarskóginn með þau líka.

Ytra mat

Starfsandi	
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum Sameykis á stofnun ársins, og ytra mat á vegum SFS .
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn svöruðu báðum könnununum. 23 svör bárust í stofnun ársins en aðeins 14 svöruðu könnun sem SFS sendi á alla starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Heildarmat var 4,10 sem telst vera frekar góð einkunn. Við hækkuðum okkur eitthvað frá fyrra ári. Við lækkuðum örlítið í starfsanda og jafnrétti frá því síðast. Þetta gefur okkur tækifæri til að bæta okkur enn meira í öllum þáttum til að verða framúrskarandi skóli og verða stofnun ársins. Við erum með skýra stefnu en þurfum að gera hana enn sýnilegri. Erum með starfsmannasáttmála sem þarf að kynna vel fyrir öllum starfsmönnum í haust og gefa kost á tækifærum til umbóta. Hvetja til opins samtals milli starfsfólks og styrkja samkennd. Veita starfsfólki meira traust í daglegu starfi og vera ábyrg. Skapa tækifæri til framþróunar í starfi með námskeiðum og fræðslu. Búa til teymi í kringum mannauðinn og leikskólabrag.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

1. Stjórnun	
Upplýsingar.	Að auka notkun á Torginu, Viva Engage og Teams
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir starfsmenn Geislabaugs fái undirbúningstíma og hafi tækifæri til að sækja námskeið á Torginu og skoða upplýsingar sem eru á Viva Engage. Að nýta Teams sem vinnuverkfæri.
Aðgerðir til umbóta	Að allir starfsmenn fái undirbúning til að fræðast um Torgið , Viva Engage og Teams til að auka þekkingu sína á upplýsingamiðlum Reykjavíkurborgar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Að leikskólastjóri gerir könnun á meðal starfsmanna í maí 2027
Viðmið um árangur	Að allir starfsmenn hafi aðlagað sig því að nota Teams til samskipta og verið virkir á Viva Engage sem og á Torginu.

2. Stjórnun	
Fundir	Að auka notkun á fundarboðun hjá teymum, stjórnendum, deildastjórum og deildum.
Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir fundir verði hnitmiðaðir og markmiðin skýr og haldi tímaáætlun.
Hvernig á að framkvæma það?	Að allir nota fundarboðanir og gefi starfsmönnum tækfæri á að setja inn umræðu um málefni. Að við metum starfið jafnt og þétt yfir árið.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri. Sérkennslustjóri og deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið eftir fundargerðum, markmiðum og áherslum sem koma fram á þeim fundargerðum sem til eru.
Viðmið um árangur	Að stjórnendateymi Geislabaugs hafi skilmerkilegri leið að endurmati starfsins.

3. Leikskólabragur	
Félagsfærni og leikurinn sem námsleið	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt að því að styrkja leikinn sem námsleið með því að hafa umhverfið sem þriðja kennarann og að allur efniviður sé í hæð barnanna. Stefnt að því að styrkja samskipti þeirra. Að börnin læri að viðra og taka tillit til hvors
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að kennarar mæti barni eftir þörfum hvers og eins. Kennarar setji upp kveikjur í svæðaleik og vali á milli deilda. Að kennarar styðji samskipti og aðstoði við lausnir og vandamál í samskiptum. Að við nýtum okkur jákvæðan aga.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Stuðst við skráningar, gátlista og ígrundun á deildarfundum og stjórnendafundum.
Viðmið um árangur	Með foreldrakönnun og könnun meðal barnanna sem og endurmati frá deildastjórum að vori.

4. Sköpun	
Uppeldis og menntastarf	Að gera sköpun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Allur aðgangur að efnið sé aðgengilegur fyrir börnin og að sköpun komi fram á öllum svæðum og deildum Geislabaugs.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að vera með hugmyndabanka fyrir starfsmenn, að hlusta á hugmyndir barnanna og muna að sköpun tengist öllum svæðum deildarinnar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið með foreldrakönnun, endurmati deilda að vori.
Viðmið um árangur	Að börnin þrói eigin hugmyndir og sýni aukna sköpun. Að gerðar séu skráningar af hugmyndum og sköpun barnanna.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram frá desember 2025-mars 2026. Leikskólastjóri sá að mestu leiti um öll samtölin nema nokkur sem aðstoðarleikskólastjóri tók. Öll samtölin voru á skrifstofu, starfsmenn fengu góðan tíma ef þau þurftu þess annars var miðað við klukkustundar samtal. Samtölin gengu vel og nauðsynlegt að gefa hverjum og einum tíma og vera hlustandi og leiðbeina ef þess þurfti.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Búa til áætlun um fræðslu sem verður á starfsdögum s.s. fá til okkar sérfræðinga í jákvæðum aga eða fá Arnrúnu Magnúsdóttur frá *Fræðsla ekki hræðsla* til að leiða okkur áfram í Lausnahringnum. Einnig væri gott að fá Sísí og Sóleyju frá Ráðgjafateyminu með erindi um jákvæðni og vellíðan á vinnustað. Einnig viljum við fá inn íslenskukennslu í leikskólann fyrir starfsmenn með annað móðurmál en íslensku. Kynna fyrir starfsfólki hvað er í boði á vegum Reykjavíkurborgar inn á Torginu og líka staðnámskeið.
Gaman er að segja frá því að 3 starfsmenn eru að byrja í haust í námi Faghásköla sem er undanfari leikskólakennaranáms við Menntavísindasvið. Tveir starfsmenn ætla að fara í leikskólaliðanám hjá Mími.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Heimsóknir í Ingunnarskóla 2026-2027

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Ágúst- september	Lokaskipulag fest niður og sent út	Ingunnarskóli	Regína
Október	**Skólaheimsókn elstu barna** Gengið um skólann með aðstoðarskólastjóra	Ingunnarskóli	Aðstoðarskólastjóri Ingunnarskóla
Október	**1.bekkur í heimsókn** Nemendur í 1. bekk koma í heimsókn í sinn gamla leikskóla og taka þátt í frjálsum leik með börnum. Skipta bekknum í tvo hópa.	Geislabaugur	Leikskólastjóri og deildastjóri Fjallsins
Nóvember	**Heimsókn elstu barna í frístund** Kynning í Stjörnulandi	Stjörnuland	Vala
Nóvember	**Dagur íslenskrar tungu** 7. bekkur kemur að	Geislabaugur	Leikskólastjóri og deildastjóri Fjallsins

	lesa fyrir leikskólabörnin		
Nóvember	**Skólaheimsókn elstu barna** Heimsókn á Bókasafnið	Ingunnarskóli	Vala
Desember	**Skólaheimsókn elstu barna** Heimsókn í samveru á sal	Ingunnarskóli	Vala
Janúar	**Skólaheimsókn elstu barna** Heimsókn til umsjónarkennara 1. bekkjar	Ingunnarskóli	Vala
Febrúar	**Skólaheimsókn elstu barna** Heimsókn til umsjónarkennara 1. bekkjar	Ingunnarskóli	Vala
Mars	**Skólaheimsókn elstu barna** Heimsókn í íþróttatíma	Ingunnarskóli	Vala
Apríl	**Skólaheimsókn elstu barna** Heimsókn í listgreinar	Ingunnarskóli	Vala
Maí	**Heimsókn elstu barna í frístund og fundur með foreldrum í Ingunnarskóla** Börnin leika frjálst í Stjörnulandi á meðan foreldrar koma á fund með aðstoðarskólastjóra þar sem farið er yfir áherslur og kennslufyrirkomulag	Stjörnuland	Vala og foreldrar barnanna.
Maí	**Skilafundir milli skólastiga**	Ingunnarskóli	Vala og Sérkennslustjóri þegar við á.

	Fundir milli leikskóla, grunnskóla og frístundar		

Heimsóknir í Sæmundarkóla 2026-2027

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
September	Fundur í Sæmundarskóla með öllum sem koma að verkefninu. Gengið um skólann með forskólakennara	Sæmundarskóli	Sæmundarskóli
Október	Umræður og nafnspjöld búin til. Verkefnið Skólabarnið.	Sæmundarskóli	Vala
Október	Börn í 1. bekk heimsækja leikskólana sína	Geislabaugur	Leikskólastjóri og deildastjóri Fjallsins
Nóvember	Verkefnið Skólataskan.	Frístundarheimilið Fjósið	Vala
Desember	Helgileikur, börnum boðið að koma og horfa á.	Sæmundarskóli - Salur	Vala
Janúar	Verkefnið nestisbox og brúsi	Sæmundarskóli	Vala
Febrúar	Heimsókn í Fjósið	Frístundaheimilið Fjósið	Vala
Mars	Íþróttahús, listgreinar, borða hádegismat.	Sæmundarskóli	Vala
Apríl	Heimsókn í Fjósið	Frístundaheimilið Fjósið	Vala
Maí	Forskólahefti og viðurkenning.	Sæmundarskóli	Vala

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð í Geislabaugi var kosið á aðalfundi á vormánuðum 2025 og foreldrafélag Geislabaugs var kosið á síðasta aðalfundi foreldrafélagsins sem haldin var í apríl 2026.

Foreldraráð fer yfir ársáætlun og gefur skólanum umsögn. Jafnframt er foreldráði kynntar fyrirhugaðar breytingar ef svo ber undir og þá er boðað til fundar.

Foreldrafélag Geislabaugs er með aðalfund einu sinni á hverju skólaári þó aldrei seinna en apríl ár hvert. Farið er yfir ársreikning félagsins, hvað sé fram undan og hvaða hugmyndir foreldra langar að gera fyrir börnin næsta skólaár. Föstu liðir foreldrafélagsins eru að útbúa gjafir jólasveina til barnanna, greiða hluta af kostnaði við útskrifaferð Meistara (börn sem eru að ljúka fyrsta skólastigi) og sprell við sumarhátíð Geislabaugs ásamt mörgu öðru sem foreldrum langar að gera. Ávallt er einn kennari tengiliður við foreldrafélag Geislabaugs.

Til að hafa gott samband við foreldra og aðra erum við ávallt með kaffiboð fyrir „Bændur“ í tilefni Þorra og Dömukaffi í tilefni Góu, þar eru allir velkomnir. Eins bjóðum við ömmum og öfum í kaffi á skólaárinu.

Foreldrafundir eru yfirleitt í maí/júní fyrir foreldra barna sem eru að koma ný inn í Geislabaug og þegar nauðsyn þykir eins og stórar breytingar eru í vændum svo eitthvað sé nefnt.
Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, yfirleitt í október/nóvember og mars/apríl. Deildarstjóri boðar í viðtölin. Sett er upp val fyrirkomulag fyrir foreldra sem geta þá skráð sig á þann tíma sem hentar þeim best. Fundirnir eru valfrjálsir.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn er með sex skipulagsdaga á ári. **30. September**, 27. nóvember 2026, **5. febrúar**, 12. mars, **27. apríl** og 28. maí 2027. Þrír skipulagsdagar eru samþættir hverfisgrunnskólunum í Grafarholtinu.

9. Þróunarverkefni

Eins og staðan er í dag er ekki þróunarverkefni í gangi í Geislabaugi.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Stjörnunnar 2025-2026



Veturinn 2025-2026 voru 15 börn á Stjörnunni fædd 2023 og 2024. Fyrir áramót voru þau 14 og eftir áramót voru þau orðin 15. Við fengum alveg nýjan barnahóp inn á Stjörnuna fyrir utan eitt barn sem var áfram frá seinasta vetri. Aðlögun fór fram í ágúst, september og október og gekk mjög vel þar sem við unnum með þátttöku aðlögun og voru foreldrarnir með alla þrjá dagana, einnig í hvíldinni. Þannig fundu börnin fyrir meira öryggi og foreldrarnir líka. Í janúar tókum við inn eitt nýtt barn á Stjörnuna, í mars færðum við eitt barn frá Stjörnunni yfir á Lindina og í apríl tókum við inn nýtt barn. Þrátt fyrir allar þessar aðlaganir yfir skólaárið var barnahópurinn mjög náinn og tók vel á móti nýju fólki sem kom inn á deildina. Þetta var flottur og góður barnahópur. Þegar börn eru að

byrja í leikskóla er mikilvægt að kenna þeim á leikskólaumhverfið og leikinn. Við einblíndum á þessa tvo þætti þetta skólaár og einnig unnum við mikið með samkenndina.

10.1.1 Styrkleikar

Í Umbótaáætlun 2025-2026 voru teknir fyrir þættirnir Leikurinn sem námsleið barna, Félagsfærni og Heilbrigði og velferð.



Unnið var að því að nýta umhverfið til þess að ýta undir leik barnanna. Við breyttum aðeins deildinni í byrjun skólaárs og gerðum nokkur afmörkuð rými inni á deildinni til þess að skipta betur upp rýminu fyrir leikinn. Við kynntum svæðaleik aðeins fyrir börnunum þar sem við settum upp mismunandi efnivið á nokkur svæði sem börnin fengu að flæða á milli. Starfsfólkið var virkt í leik barnanna og var duglegt að setja upp fjölbreytt svæði fyrir börnin.

Í félagsfærni unnum við með Vináttuverkefni Barnaheilla (Blæ). Við skiptum börnunum niður í litla hópa og fór hver hópur a.m.k. einu sinni í viku í Blæ stund. Blæ stundirnar gengu mjög vel og lærðu börnin að sýna hvert öðru virðingu, góðvild og vináttu. Börnin á deildinni voru mjög sterk félagslega og tóku þau ávallt vel móti nýjum börnum og buðu þeim velkomin í hópinn. Einnig tóku þau vel á móti nýju fólki sem átti erindi inni á Stjörnunni.

Í heilbrigði og velferð vorum við að efla börnin í sjálfshjálp. Börnin æfðu sig í að ganga frá eftir sig í matartímanum og þvo sér í framan eftir matartímann. Við lögðum áherslu á að gera matarumhverfið rólegt og jákvætt fyrir börnin, við hvöttum börnin til þess að smakka allan þann mat sem stóð þeim til boða en gerðum enga kröfu á þau. Börnin nutu sín meira í matartímanum og varð umræðan í kringum matinn jákvæðari. Þau æfðu sig einnig í að klæða sig sjálf í fötin eftir hvíldina og að klæða sig í útiföt fyrir útiveru. Börnin nutu sín vel í útiveru, við nýttum litla garðinn fyrir aftan Stjörnuna mikið í hádeginu og lok dags. Við tókum líka vatnsmálningu út nokkrum sinnum og vorum að mála úti.



10.1.2 Tækifæri

Við höldum áfram að efla félagsfærni barnanna með Blæ stundum. Reynum að koma Blæ meira inn í daglegt starf og að börnin læri að leita til Blæ bangsans þegar þau þurfa.

Í heilbrigði og velferð viljum við bæta okkur í að fara með börnin í gönguferðir í nærumhverfinu og nýta Grenndarskóginn okkar. Einnig viljum við halda áfram að hafa matartímana rólega og að umræðan sé jákvæð gangvart matnum.

Hvað leikinn varðar er mikilvægt að nýta umhverfið til þess að ýta undir leik barna. Vera dugleg að setja upp kveikjur og skipta reglulega um leikefnivið.

10.2 Innra mat Lindarinnar 2025 - 2026

Skólaárið 2024-2025 voru 18 börn á Lindinni, 5 börn fædd 2022 og 14 börn fædd 2023. Þrettán börn komu frá Stjörnunni og fimm ný börn sem hófu leikskólagöngu sína á Geislabaugi.
Aðlögunin fór fram í ágúst og september og gekk vonum framar. Þetta var kraftmikill, skemmtilegur og forvitinn hópur. Eins og á fyrra skóla ári var einblínt á að leyfa börnunum að njóta sín sem mest í leik og gekk það vel.

10.2.1 Styrkleikar

í umbótaáætlun fyrir árið 2025-2026 voru þættirnir leikurinn sem námsleið barna, félagsfærni og heilbrigði og velferð teknir fyrir.



Við lögðum mikla áherslu á leikinn og vorum að vinna með svæðaleik inni á deild. Við settum upp kveikjur á mismunandi svæðum þar sem börnin voru að flæða á milli. Hlutverkaleikurinn hefur verið mjög sterkur á deildinni og eru mörg börn sem taka þátt í honum. Eftir áramót fórum við að taka þátt í vali á milli elstu deildanna sem er einu sinni í viku. Þar fá börnin kost á því að taka þátt í flæði á öðrum deildum.

Eftir áramót byrjuðum við með vináttuverkefni Barnaheilla (Blæ) sem að tengist félagsfærninni. Í Blæ læra börnin að sýna hvert öðru virðingu, góðvild og vináttu. Við skiptum börnunum í þrjá hópa og hver hópur fór í Blæstund einu sinni í viku.

Við vorum mikið að vinna með sjálfshjálp. Að börnin geti klætt sig sjálf í og úr fötum, læri að nota salernið, þvo hendur og gangi frá eftir matinn.

10.2.2 Tækifæri

Við ætlum að halda áfram að skapa fjölbreytt og örvandi leiksvæði fyrir börnin inni á deild. Við ætlum að vera með skapandi efnivið, leyfa börnunum að ráða leiknum út frá hvað þau vilja og halda áfram að vera duglegri að koma með kveikjur.

Í félagsfærni ætlum við að halda áfram að vera með reglulegar og markvissar Blæstundir. Við viljum kenna börnunum að nýta Blæ-bangsann sinn þegar þau eiga erfitt.

Við ætlum að vera duglegri að fara í gönguferðir og markmiðið er að komast með börnin í Geislalundinn okkar. Við ætlum að halda áfram að hvetja börnin í að nota salernið svo að sem flest börn verði hætt með bleyjur þegar þau koma yfir á eldri deildarnar.

10.3 Innra mat Lautarinnar 2025 -2026

Á lautinni voru 23 börn, öll fædd árið 2022. í nóvember tók nýr deildarstjóri við deildinni.

10.3.1 Styrkleikar

Í umbótaáætlun 2025-2026 voru teknir fyrir þættirnir leikurinn sem námsleið barna, félagsfærni og heilbrigði og velferð. Áhersla var lögð á svæðaleik þar sem leikrými deildarinnar voru skipulögð í fjölbreytt og aðlaðandi leiksvæði sem studdu við sjálfstæði barna, félagsfærni, samskipti, sköpun og dýpri leik. Börnin völdu sér leiksvæði með því að nota myndir af sjálfum sér, sem jók þátttöku þeirra í skipulagi leiksins og styrkti sjálfstæð vinnubrögð. Með svæðaleiknum skapaðist aukið svigrúm fyrir börnin til að þróa leik sinn út frá eigin áhuga, efla samvinnu og mynda jákvæð tengsl við önnur börn. Leiksvæðin voru þróuð markvisst út frá þörfum og áhugasviði barnahópsins með það að markmiði að gera leikinn lærdómsríkan hluta af daglegu starfi.

10.3.2 Félagsfærni

Í félagsfærni var unnið markvisst með samskipti, vináttu og tilfinningar í daglegu starfi. Stuðst var við efni úr Vináttuverkefninu Blær og samræður um hvernig koma megi vel fram við aðra og vera góður vinur. Félagsfærnisögur voru nýttar fyrir þau börn sem þurftu á frekari stuðningi að halda til að efla skilning þeirra á samskiptum og aðstæðum í daglegu lífi. Börnunum var leiðbeint í ýmsum samskiptum yfir daginn, en jafnframt gefið svigrúm til að leysa úr samskiptum sjálf með hliðsjón af þeirri færni sem þau höfðu tileinkað sér. Kennarar tileinkuðu sér færni sem við höfum lært í gegnum jákvæðan aga stefnunnar okkar í Geislabaugi og það hjálpar okkur að mæta barninu í sínu tilfinningaójafnvægi, hlusta, halda ró og reyna að skilja barnið.



Í starfinu var lögð rík áhersla á heilbrigði og velferð barna með því að efla sjálfstæði þeirra og ábyrgð í daglegum athöfnum. Börnin voru hvött til að gera sem mest sjálf, meðal annars að klæða sig, ganga frá eftir sig og taka virkan þátt í daglegum venjum deildarinnar. Í matmálstímum skömmtuðu börnin sér sjálf og gengu frá matnum sínum í matstofunni með stuðningi starfsfólks eftir þörfum. Einnig var unnið markvisst með hreinlæti og góðar venjur, þar sem börnin voru minnt á mikilvægi handþvottar, sérstaklega eftir salernisferðir og fyrir matmálstíma. Með þessu fengu börnin tækifæri til að efla sjálfstraust sitt, sjálfstæði og færni í daglegu lífi. Einnig höfum við notað gönguferðir til að auka úthald. Farið í vettvangsferðir í Geislalundinn okkar sem var formlega vígður s.l. vetur. Við höfum nýtt okkur styrkleika eins starfsmann á Sólinni sem leiðir okkur áfram í náttúru og umhverfi og stýrir Bambahúsinu okkar (gróðurhúsinu) sem er alltaf opið fyrir börnin og kveikir áhuga þeirra á lífríkinu í kringum þau.

10.4 Innra mat Sólarinnar 2025-2026

Á Sólinni voru 24 börn á aldrinum 4-5 ára (2020 og 2021). Nýr deildarstjóri tók við í ágúst 2025. Í umbótaáætlun fyrir árið 2024-2025 voru teknir fyrir þættirnir félagsfærni, heilbrigði og velferð.

10.4.1 Félagsfærni

Í félagsfærni var unnið með að börnin séu örugg í samskiptum og félagsfærni. Það gerðum við í gegnum vináttuverkefnið Blæ og með verkefnum jákvæðs aga. Barnafundir og Blæstundir voru unnar í þremur hópum með tilliti til getu og þroska barnsins frekar en aldurs þess og gengu þær vel yfir árið.

Styrkleikar: Við unnum í litlum hópum og var hver stund einu sinni í viku. Blæstundir gengu vel og í þeim var unnið mikið með bækur sem snúa að félagsfærni. Barnafundir gengu einnig mjög vel og eru börnin búin að eflast mikið í framkomu og tjáningu. Þau eru orðin dugleg að hlusta á hvort annað og stöðva óæskilega hegðun.
Tækifæri til umbóta: Við stefnum á að halda áfram með reglulega barnafundi og Blæstundir. Það mætti fara dýpra í viðfangsefni blæstunda og gera meira úr stundunum. Einnig viljum við koma fleiri starfsmönnum deildarinnar inn í stundirnar og verkefni jákvæðs aga.

10.4.2 Heilbrigði

Heilbrigði í starfinu gekk vel, við fórum oft í hreyfistundir að hreyfa okkur og fara í fjölbreytta leiki, jóga, slökun, gönguferðir bæði í Geislalundinn okkar og um hverfið okkar.

Styrkleikar : þetta var orkumikil hópur og var mjög mikilvægt að innleiða hreyfingu hjá hópnum, þau voru öll til í að vera með í allskonar leikjum og ferðalögum.

Tækifæri til umbóta: Við stefnum á að fara í fleiri göngutúra yfir vetrartímann, jafnvel fara með þau í stuttar fjallgöngur eða nýta Geislalundinn okkar meira.

10.4.3 Leikur sem námsleið barna

Við náðum að fylgja leik barna vel. Við vorum að ná að setja inn kveikjur og settum flest allan efniviðin í hæð barnanna, byrjuðum almennilega með svæðaleik á morgnanna.

Styrkleikar: vorum að vinna vel með kveikjur, voru dugleg að blanda saman efnivið til þess að bæta í leikinn hjá sér.

Tækifæri til umbóta: Það mætti endurraða efnivið í öllum herbergjum og merkja hann vel. Hægt væri að búa til okkar eigin hugmyndabanka með allskonar kveikjum og verkefnum. Byrja strax með svæðaleik að hausti.

10.5 Innra mat Fjallsins 2025-2027

Á Fjallinu voru 23 börn skólaárið 2025-2026. Það voru tveir elstu árgangarnir, þrettán börn fædd 2020 og tíu börn fædd 2021. Af þessum börnum voru fimm með sex tíma stuðning sem þrír starfsmenn sinntu. Starfshópurinn náði að sinna þessu ágætlega saman og deila vinnunni á milli sín. Þó ákveðnir starfsmenn bæru ábyrgð á þjálfuninni tóku allir starfsmenn þátt í að sinna stuðningunum þannig allt starfsfólkið gat unnið fjölbreytt störf innan deildarinnar.

Skipulag deildarinnar hélt sér frá fyrri ári þar sem það hafði virkað vel. Unnið var með Blæ, Lubba og barnafundi sem er í tengslum við jákvæðan aga. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa eftir aldri, getu og þroska. Hver hópur fór einu sinni í viku í hverja stund. Svæðaleikurinn var á morgnana milli kl. 9:30 og 11:00. Í svæðaleik völdu börnin sér svæði til að leika á. Svæðin voru byggingasvæði, læsissvæði, listasvæði og leiksvæði en það eru öll önnur svæði en þau sem tilgreind voru hér að framan. Reynslan hefur sýnt að meiri ró kemst yfir hópinn þegar svæðaleikur er notaður, frekar en þegar því er sleppt.

Það að sami starfshópurinn var milli ára gerði það að verkur að auðveldara var að halda utan um barnahópinn og skipulag deildarinnar.

10.5.1 Leikurinn sem námsleið barna.

Styrkleikar



Á Fjallinu er leiksvæðið fjölbreytt og örvandi fyrir frjálsa leikinn. Leikurinn hefur gengið vel þar sem börnin hafa frjálsan aðgang að efniviði og dóti sem er í þeirra hæð. Það hefur gert það að verkum að leikur barnanna hefur þróast áfram hindrunarlaust. Kennarar voru duglegir að elta hugmyndir barna og ýta undir þær þegar það þurfti. Kennarar settu upp kveikjur til að þróa eða dýpka leik barnanna

Börnin voru dugleg að búa sér til það sem þau þurftu í leik sinn. Eins og til dæmis ís, tölvu, posa og fleira í ís-leikinn sinn.

Tókum umræður á barnafundum með börnunum hvernig gengi í leiknum.

Tækifæri

Að kennarar séu enn virkari í að vera með börnunum í leik og gera kveikjur. Gekk vel en má gera betur. Það ýtir einnig undir dýpri málörvun.

Það mæti merkja betur hvar dót og hlutir eiga að vera svo það auðveldi börnunum að ganga frá og vita hvar allt er.

Viljum gera markvissari málörvunar hópa sem hittast og spila. Var gert með ákveðin börn en viljum ná öllum. Væri hægt að gera t.d. á læsissvæði eða í sér stundum.

Náðum að byrja að búa til hugmyndabanka fyrir verkefni í skapandi leik á listasvæði, en náðum ekki langt með það. Gott að halda áfram með það.

10.5.2 Félagsfærni.

Styrkleikar

Lögðum mikla áherslu á vinahegðun að hausti sem skilaði sér vel inn í árið. Það var gert með því að tala og lesa mikið um vinahegðun á Blæ stundum. Einnig var mikið talað um vinahegðun og sambönd á Barnafundum og þeirra sýn fengin á hvað góður vinur væri. Síðan voru valda bækur í lestarstundum sem einblíndu á vinahegðun sem styrkti en frekar það sem fór fram í Blæ stundum og Barnafundum.

Félagsfærni í leik gekk vel þar sem mikil vinna var búin að fara í hópastundunum og því auðvelt að ræða við börnin þegar eitthvað kom uppá. Þau voru mjög meðvituð um hvað þau þurftu að gera þegar þau voru minnt á hvernig góð vina hegðun væri.

Lubbi, Blær og Barnafunda stundirnar gengu vel og náðum við að halda þeim nokkuð vel.

Tækifæri

Enn er tækifæri til að spila meira til að efla félagsfærnina en frekar.

10.5.3 Heilbrigði og velferð.

Styrkleikar

Gengið hefur vel að hvetja börnin til að smakka ýmsan nýjan mat. Börnin eru öll orðin mjög dugleg að skammta sér sjálf og finna út sína skammta stærð. Tókum reglulega spjall á Barnafundum um hvernig gengi í matstofunni og fengum hugmyndir frá börnunum um hvað mæti betur fara.

Tækifæri

Ætlum að bæta okkur í gönguferðum og að nýta grenndarskóginn okkar en frekar.

10.6 Innra mat elstu barna 2025-2026

Haustið 2025 voru elstu börnin 26 talsins, dreifð á tvær deildir: þrettán börn á Fjalli og þrettán börn á Sólinni. Verkefnastjóri elstu barna vann markvisst með hópnum bæði inni á deildum, í sal leikskólans og í vettvangsferðum.

10.6.1 Hljóm-2 skimun

Skimunarprófið Hljóm-2 var lagt fyrir öll elstu börnin að hausti. Þau börn og sem voru undir meðaltali í heildarstigum hittust einu sinni í viku frá október og fram í lok febrúar. Stundirnar voru 30–40 mínútna og fóru fram undir leiðsögn kennara og innihéldu verkefni til að efla hljóðkerfisvitund.

Styrkleikar

Allur hópurinn fékk sömu innlögn þar sem sami kennari sá um alla framkvæmdina. Þetta gaf kennaranum góða yfirsýn yfir hæfni barnanna. Sami kennari vann með þeim börnum sem fengu stig undir meðaltali, sem tryggði samfellu og traust.

Tækifæri

Sex börn mældust undir meðaltali. Þau byrjuðu saman í einum hópi, en vegna mismunandi þarfa var þeim skipt í tvo hópa eftir getu og einbeitingu. Mikilvægt að meta stöðuna sem allra fyrst í hópnum og skipta þeim fljótt til að tryggja einstaklingsmiðaðra nám.

Leggja áherslu á að kennarar á deildum séu að þjálfa upp hljóðkerfisvitund allra barna og þá sérstaklega þau börn sem eru með frávik í þroska, að þau fái einstaklingsmiðaranám í hljóðkerfisvitund.

10.6.2 Leikjastundir

Elstu börnin tóku þátt í vikulegum leikjastundum í sal með vinum sínum sem þau fara með í grunnskóla. Í þessum stundum voru sungin lög, farið í málörvunarleiki, hreyfileiki og samvinnuverkefni. Að hausti og vori fengu börnin umferðafræðslu í samstarfi við Umferðarstofu. Að auki tóku þau þátt í FAST-hetjuverkefninu, sem er verðlaunað fræðsluverkefni um einkenni og viðbrögð við heilablóðfalli. Fræðslan fór fram með glærusýningum og börnin gátu tekið virkan þátt í fræðslunni.

Styrkleikar

Leikjastundir voru í samræmi við áherslur leikskólans á félagsfærni. Í gegnum leik, söng og hreyfingu var unnið að tengslamyndun milli barna frá báðum deildum. FAST-verkefnið var áhugavert og efldi þekkingu barnanna á mikilvægum heilbrigðismálum.

Tækifæri

FAST verkefnið tók stóran hluta af leikjastundum fyrir áramót, sem dró úr tíma til annarrar verkefna í málörvun og leikjum. Gott væri að nýta aðrar stundir í FAST-verkefnið til að viðhalda fjölbreytni í leikjastundum. Fá fleiri kennara með í leikjastundir til að styðja betur við verkefnin og gera kleift að vinna með allan hópinn í einu.

10.6.3 Meistarastarf

Öll elstu börnin tóku þátt í meistarastarfi einu sinni í viku. Lögð var áhersla á fínhreyfingar, sjálfstæði og samvinnu. Unnið var að einstaklings- og hópverkefnum, meðal annars í verkefnabókum sem stuðluðu að auknum talnaskilningi.

Vettvangsferðir
Umhverfi leikskólans var vel nýtt. Farið var í fjölmargar göngu- og vettvangsferðir, bæði í nærumhverfi og með almenningssamgöngum lengra frá. Kennarar voru opnir fyrir þeim ferðum sem elstu börnunum var boðið að taka þátt í.

Samvinna við grunnskóla
Samstarf við grunnskólana í hverfinu (Ingunnarskóla og Sæmundarskóla) var mjög gott. Farið var í skipulagðar heimsóknir bæði að hausti og eftir áramót: fjórar heimsóknir fyrir áramót og fimm eftir

áramót. Börnin fengu tækifæri til að kynnast húsnæði, starfsfólki og menningu skólanna. Einnig komu börn úr fyrsta bekk í heimsókn í leikskólann í október.

Samvinna við íþróttafélag
Leikskólinn tók þátt í samstarfi við íþróttafélagið Fram, sem bauð elstu börnunum upp á vikulegar íþróttaæfingar í Sæmundarskóla á föstudagsmorgnum. Foreldrar greiddu æfingagjald. Fyrir áramót tóku 24 börn þátt en 18 eftir áramót.

Barnamenningarhátíð
Leikskólinn hóf samstarf við Tónskóla Reykjavíkur í tengslum við Barnamenningarhátíð í upphafi árs. Börnin lærðu lög sem voru flutt í Hörpunni 21. apríl. Haldin var ein æfing í tónskólanum þar sem grunnskólabörn spiluðu undir. Lögin voru æfð í litlum og stórum hópum í sal Geislabaugs.

Styrkleikar

Börnin sýndu mikinn áhuga og flestum þóttu lögin skemmtileg. Lögin höfðu sterkan boðskap sem nýttist í umræðum um félagsfærni og sjálfsstyrkingu. Þar sem kennarahópurinn hafði tekið þátt í verkefninu áður þá urðu þau öruggari í að innleiða lögin og á sjálfum tónleikunum, sem skilaði sér til barnanna. Myndræn framsetning á lögunum hjálpaði börnunum að læra flókinn texta. Stundin í Hörpunni var afar vel heppnuð og öllum leið vel.

Tækifæri

Mikilvægt er að hefja æfingar um leið og lögin berast og nýta kennarasíðuna betur. Gott væri að deila hugmyndum enn meira á milli skóla, bæði að nýta það sem aðrir eru að gera og deilda með öðrum hvað við erum að gera. Nýta betur listakennarann okkar og tengja hana betur við þá vinnu og lög sem verið er að vinna með. Að unnið sé með lögin í tví- og þrívídd.



10.7 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

10.7.1 Stjarnan og Lindin börn 1 til 3 ára

Stjarnan og Lindin/1-3 ára	
Félagsfærni	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að vinna með Blæ. Nýta Blæ-stundirnar til þess að efla sjálfstæði og valdaeflingu. Vinna með barnafundi. Halda áfram að vinna með jákvæðan aga og nýta þau verkfæri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna í litlum hópum. Hafa Blæstundir og barnafundi einu sinni í viku. 5-10 verkfæri jákvæðs aga nýtt í daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar á stundunum með börnunum og umræðumat á deildarfundum. Meta tveggja mánaða fresti.
Viðmið um árangur	Styrkja vinasambönd og samkennd. Að börnin læri að vera þátttakendur í eigin lífi.

Stjarnan og Lindin/1-3 ára	
Leikurinn sem námsleið	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Starfsfólk setji upp kveikjur fyrir börnin. Nýta rýmið sem þriðja kennarann. Hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan börnunum. Skipta efniviðnum reglulega út og koma með nýjan inn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að leikrýmið sé heillandi og ýtir undir fjölbreyttan leik barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræða um leikinn á deildarfundum. Leikskráningar. Fá börnin til þess að vera með í að velja nýjan efnivið á deildina.
Viðmið um árangur	Að börnin eru sjálfstæð í leik. Að þau komist auðveldlega sjálf inn í leikinn og gleymi sér í leiknum.

Stjarnan og Lindin/1-3 ára	
Sköpun	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa skapandi efnivið aðgengilegan. Starfsfólk setji upp kveikjur sem ýta undir sköpunargleði barnanna. Vera alltaf með eitt svæði í leiknum sem tengist sköpun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með listasvæði í boði alla daga.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Gera skráningar fyrir ferilmöppur. Ræða á deildarfundum. Vera með skráningu um að öll börn taki þátt í skapandi stundum ekki ákveðin verkefni sem þau þurfa öll að klára.
Viðmið um árangur	Að börnin sækist meira í skapandi efnivið og að þau virki sköpunargleði sína.

10.7.2 Lautin og Sólin börn 3 til 4 ára

Lautin og Sólin/3-4 ára	
Leikurinn sem námsleið barna.	
Tækifæri til umbóta	Stefnt er að því að styrkja leik sem námsleið með áframhaldandi þróun kveikja og svæðaleiks, auk betri nýtingar efniviðar og sjónræns stuðnings. Efla hlutverkaleik og viðhalda markvissri leiðsögn í leik til að styðja samskipti og þátttöku barna.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið verður áfram með undirbúning starfsfólks til að þróa kveikjur í leik. Svæðaleikur verður skipulagður og uppfærður með sjónrænum stuðningi og aðgengi að efnivið. Leiðsögn í leik verður nýtt markvisst í daglegu starfi til að styðja samskipti og leik barna. (Þar getum við tekið barnafundi, unnið með mál eða læsi, listasmiðju).
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram reglulega yfir skólaárið með daglegum athugunum, skráningum og ígrundun á deildarfundum. Notaðar eru athuganir, gátlistar og fagleg umræða starfsfólks. Nýta barnafundi betur til að fá sjónarhorn barnanna
Viðmið um árangur-	Börnin sýna aukna þátttöku í m.a. hlutverkaleik og svæðaleik og nýta leikinn til náms, samskipta og samvinnu.

Lautin og Sólin/3-4 ára	
Sköpun	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla sköpun í leik með fjölbreyttum efnivið og opnum verkefnum sem hvetja til hugmynda og tilrauna. Lögð verður áhersla á markvissa leiðsögn í leik til að styðja samskipti og þátttöku barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skapandi stöðvar verða skipulagðar og þróaðar með fjölbreyttum efnivið og kveikjum, og markviss leiðsögn í leik verður nýtt til að efla sköpun, ímyndunarafl og hugmyndavinnu barna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram reglulega yfir skólaárið með daglegum athugunum, skráningum og ígrundun á deildarfundum. Notaðar eru athuganir, gátlistar og fagleg umræða starfsfólks.

Viðmið um árangur-	Börnin sýna aukna sköpun í leik, nýta fjölbreyttan efnivið og þróa eigin hugmyndir.

Lautin og Sólin/3-4 ára	
Félagsfærni	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin læra að taka tillit til annarra og geta sett sig í þeirra spor. Ferðabangsi fer heim með börnunum hverja helgi og börnin fá að lesa fyrir ferðabangsann heima og segja frá á mánudögum hvað þau lásu fyrir ferðabangsann og hvernig gekk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fylgjast reglulega með framvindu félagsfærni og aðlaga verkefni að þörfum hópsins, samhliða því að efla leiðsögn í leik með aukinni þátttöku fullorðinna til að styðja við samskipti og lausn ágreinings. Nýting á lausnahjóli til að hjálpa þeim að leysa ágreining og vandamál í samskiptum.
Ábyrgð	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram reglulega yfir skólaárið og með daglegum athugunum. Stuðst er við skráningar, gátlista og ígrundun starfsfólks til að meta framvindu félagsfærni og aðlaga starfið að þörfum hópsins.
Viðmið um árangur	Börnin sýna framfarir í félagsfærni, samskiptum og samvinnu, auk þess að sýna aukna samkennd og tillitssemi í samskiptum við önnur börn.

10.7.3 Fjallið 5 ára til 6 ára

Fjallið/5-6 ára	
Félagsfærni	
Tækifæri til umbóta	Að börnin læri að virða og taka tillit hvors annars. Að þau læri góða vinahegðun. Unnið verður markvist með Blæ og Barnafundi það sem hvert barn fer einu sinni í viku. Vinna með spil til að efla félagsfærni og samskipti.

Aðgerðir til umbóta	Í Blæ-stundum verður farið í sjálfstæði, valdeflingu og félagsfærni. Á Barnafundum verður lagt inn Lausnahjólið til að auðvelda þeim að leysa ágreining. Markvisst verður lesið bækur um vináttu og teknar samræður í samverustundum, þar sem stuðst verður við efni úr Blæ og öðru efni um félagsfærni. Hafa spil í boði í litlum hópum í svæðaleik og á ýmsum tímum dags. Nýta spil sem vinna með félagsfærni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Taka samtal með börnunum á Barnafundum um hvernig gangi að skiptast á og vera vinir. Metið á 1 -1,5 mánaða fresti. Kennarar taka endurmat á deildarfundi um hvernig gangi á 2 mánaða fresti.
Viðmið um árangur-	Að börnin læri samkennd og virða hvort annað. Að þau nái að tjá sig og sinn vilja. Ásamt því að taka tillit til annarra.

Fjallið/5-6 ára	
Leikurinn sem námsleið barna.	
Tækifæri til umbóta	Skapa fjölbreytt og örvandi leikskvæði fyrir börnin sem og auka svigrúm og stuðning við frjálsan leik. Starfsfólk setji upp kveikjur í leik barnanna. Og geri leikskvæðin að þriðja kennaranum. Passa að efniviður sé í hæð barnanna og þeim aðgengilegur þannig þau geti þróað leik sinn áfram hindrunarlaust. Gera ákveðna málörvunar spilahópa sem verða á ákveðnum tímum, til að ná þeim börnum sem ekki sækjast eins mikið í það.
Aðgerðir til umbóta	Kennarar verða virkir í að gera kveikjur. Kennarar fá undirbúning til að fá hugmyndir og undirbúa kveikjur og aðlaga leikumhverfið hverju sinni að aðstæðum.

	Fyrir spilahópana, búa til hópa og ákveða ákveðin tíma fyrir þá.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Tekið fyrir á Barnafundum hvað börnin vilja gera og hvað/hvort þeim finnst skemmtilegt að í leika á svæðunum. Starfsfólk taki fyrir á deildarfundum hvernig gangi og hvað má gera betur. Metið á 1 -1,5 mánaða fresti.
Viðmið um árangur	Að börnin séu í fjölbreyttum leik þar sem þau fái að njóta sín og sem hvetur þau til að vera skapandi.

Fjallið/5-6 ára	
Sköpun	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að búa til hugmyndabanka að verkefnum fyrir listasvæðið til að auðvelda kennurum undirbúningsvinnuna. Hlusta og grípa hugmyndir barnanna. Vera alltaf með opið á listasvæði og leyfa þeim að vinna skapandi að frjálsum verkefnum ásamt því sem kennarar setja fyrir. Að sköpun komi fram á fleiri svæðum en listasvæði. Að svæðin skarast og vinni saman.
Aðgerðir til umbóta	Með því að hlusta, vera með hvetjandi efnivið og kveikjur. Vera með skapandi starf á fleiri svæðum t.d. byggingar-svæði.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Vera með lista sem hægt er að skrá hvað börnin eru búin að gera af verkum, þannig allir geri eitthvað.

	Taka samtal á Barnafundum hvort og hvað þau vilja gera meira.
Viðmið um árangur	Að börnin séu sjálfstæð í sköpun á listasvæði ásamt því að vera skapandi í öllum leik, sama hvað leiksvæði þau eru á.





Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Leikskólinn Geislabaugur

10.8 **Skóladagatal 2026 - 2027**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F		1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S		2 M	Starfsmannafundur	2 F		2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F	
3 M	Frídagur verslunarma	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	Útskrift Meistara	3 L	
4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F	Góukaffi	4 S		4 Þ		4 F		4 S	
5 M		5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F	Starfsdagurdagur lei	5 F		5 M		5 M		5 L		5 M	
6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F	Uppstigningardagur	6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S	Dagur tónlistarskóla	7 S		7 M		7 F		7 M		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F		8 M	Bolludagur/vika 6	8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9 S		9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	
10 M		**10 F**	**Fyrsti dagur skráningadagar**	10 L		10 Þ		10 F		**10 S**	**Fyrsti dagur skráningadaga**	10 M	Öskudagur	10 M		10 L		10 M		10 F	Skólaslit grunnskóla	10 L	
11 Þ		11 F		11 S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M		11 F		11 M		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F	Starfsdagur	12 M		12 M		12 L		12 M	
13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Útskriftarferð	13 S		13 Þ	
14 F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S	Dagur stærðfræðinn	14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur íslenskrar nát	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tun	16 M		16 L		16 Þ		16 Þ		16 F		16 S	Hvítasunnudagur	16 M		16 F	
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 M		17 L		17 M	Annar í Hvítasunnu	17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 F		18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F		**20 S**	**Síðasti dagur skráningadaga**	20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda	20 S		**20 M**	**Síðasti dagur skráningadaga**	20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	
21 F		21 M		21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur - upphaf	21 S	Pálmasunnudagur	21 M		21 F	Umhverfisdagur	21 M		21 M	
22 L		22 Þ		22 F	Skráningardagur	22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur - Þorri byrjar	22 M	Vetrarfrí	22 M	Skráningardagar	22 F	Sumardagurinn fyrsi	22 L		22 Þ		22 F	
23 S		23 M		23 F	Skráningardagur	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ	Skráningardagar	23 Þ	Skráningardagar	23 F	Umhverfisdagur	23 S		23 M		23 F	
24 M	Skólasetning grunnsk	24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M	Skráningardagar	24 L		24 M		24 F		24 L	
25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F	Skírdagur	25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumálad.	26 M	Skráningardagur	26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F	Föstudagurinn langi	26 M		26 M		26 L		26 M	
27 F		27 S		27 Þ		27 F	Starfsdagur	27 S		27 M	Þorrakaffi	27 L		27 L		27 Þ	Starfsdagur/Menntas	27 F		27 S		27 Þ	
28 F		28 M		28 M		28 L		28 M	Skráningardagur	28 F		28 S		28 S	Páskadagur	28 M		28 F	Starfsdagur	28 M		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ	Skráningardagur	29 F				29 M	Annar í Páskum	29 F		29 L		29 Þ		29 F	
30 S		30 M	Starfsdagur /sameic	30 F		30 M		30 M	Skráningardagur	30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	
31 M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M				31 L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrís og skráningardagar eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

F. h. leikskólans .....

Þóra Jóna Jónatansdóttir Reykjavík 30. Júní 2026

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

10.9 **Umsögn foreldraráðs**

Starfsáætlun 2026 – 2027
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birgir Blöndahl Arngrímsson
Guðbjartur Rúnar Magnússon
Guðrún Margrét Viðarsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já. Starfsáætlunin byggir vel á því starfi sem unnið var á síðasta skólaári. Þar má sjá skýra framhaldsvinnu á áherslum um Reggio-hugmyndafræðina, leik sem námsleið, sköpun, inngildingu, útinám, heilsueflingu og félagsfærni. Umbótaáætlunin tekur jafnframt mið af niðurstöðum innra og ytra mats og setur fram raunhæf markmið til áframhaldandi þróunar.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já. Starfsáætlunin er vel upp sett með skýru efnisyfirliti, greinargóðri framsetningu og skiptingu í kafla. Markmið, aðgerðir, ábyrgð og viðmið um árangur eru sett fram á skipulegan hátt sem gerir efnið auðvelt að fylgja.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já. Starfsáætlunin veitir foreldrum góða innsýn í daglegt starf leikskólans, áherslur í uppeldis- og menntastarfi, samstarf við foreldra, umbótaverkefni og hvernig unnið er að velferð og námi barnanna. Einnig er jákvætt að sjá hvernig niðurstöður mats eru nýttar til að þróa starfið áfram.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Starfsáætlunin er vönduð og ítarleg. Helst mætti íhuga að hafa stutta samantekt í upphafi eða lok starfsáætlunar þar sem helstu áherslur og markmið skólaársins eru dregin saman. Slík samantekt gæti auðveldað foreldrum að kynna sér meginatriði starfsáætlunar á fljótlegan hátt. Annars er starfsáætlunin skýr, metnaðarfull og gefur góða mynd af starfi leikskólans.

Fulltrúar í foreldraráði:

Guðbjartur Rúnar Magnússon, Guðrún Margrét Viðarsdóttir Birgir blöndahl Arngrímsson, og Sigurbjörg Jónsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST